



## Reglur

### um skólahverfi, umsóknir og innritun í grunnskóla Fjarðabyggðar

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Fjarðabyggðar, en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Skv. sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

#### **1. Skólahverfi**

Í Fjarðabyggð eru 5 grunnskólar reknir af Fjarðabyggð, en bæjarfélaginu er skipt upp í 5 skólahverfi. Skólarnir eru Nesskóli sem þjónar byggðarkjörnunum á Norðfirði og í Mjóafirði, Eskifjarðarskóli sem þjónar byggðarkjarnanum Eskifirði, Grunnskóli Reyðarfjarðar sem þjónar byggðarkjarnanum Reyðarfirði, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar sem þjónar byggðarkjarnanum Fáskrúðsfirði og Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli sem þjónar byggðarkjörnunum í Breiðdal og á Stöðvarfirði.

#### **2. Umsókn í grunnskóla Fjarðabyggðar**

Umsókn um grunnskóla Fjarðabyggðar fer fram í gegnum hvern grunnskóla. Skólastjóri hefur yfirumsjón með innritun nemenda.

#### **3. Val um grunnskóla og meðferð umsókna**

- 3.1. Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í Fjarðabyggð skv. reglum þessum.
- 3.2. Nemendur með lögheimili í tilteknum byggðarkjarna eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfisskólanum og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.
- 3.3. Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.
- 3.4. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnisýslulögum nr. 37/1993.
- 3.5. Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.
- 3.6. Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna. Sé ákvörðun tekin um synjun umsókna, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri



tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

3.7. Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

#### **4. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla**

Tilkynning um innritunarviðtal fyrir nemendur í 1. bekk grunnskóla er send skriflega til foreldra.

#### **5. Flutningur milli skóla Fjarðabyggðar**

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla til skólastjóra viðtökuskóla. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

#### **6. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum**

Óski foreldrar nemanda með lögheimili utan Fjarðabyggðar eftir að nemandinn sækir grunnskóla í Fjarðabyggð er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um. Ósk um skólavist skal berast til fræðslustjóra Fjarðabyggðar.

#### **7. Ósk um nám utan Fjarðabyggðar fyrir nemendur með lögheimili í Fjarðabyggð**

Óski foreldrar nemanda með lögheimili í Fjarðabyggð eftir að nemandinn sækir grunnskóla í öðru sveitarfélagi eða öðru landi er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um. Ósk um nám utan lögheimilissveitarfélags skal berast til fræðslustjóra Fjarðabyggðar.

#### **8. Álitamál**

*Leiðbeinandi sjónarmið almennt til foreldra og skóla varðandi skólavist.*

Barn á grunnskólaaldri með lögheimili í Fjarðabyggð getur aðeins verið skráð í einn grunnskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn hafi búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá er hjá foreldrum.

Barn á grunnskólaaldri sem hefur búsetu í Fjarðabyggð án þess að hafa lögheimili á Íslandi skal að öllu jöfnu sækja skóla og fá þjónustu út frá búsetu sinni.

Barn á grunnskólaaldri sem á lögheimili í Fjarðabyggð en dvelur erlendis yfir lengri tíma skal að öllu jöfnu sækja grunnskóla í viðkomandi landi. Foreldrar nemenda skulu sækja um hjá skólastjóra þess grunnskóla sem nemandinn sækir nám áður en hann flytur til útlanda og senda skólastjóra staðfestingu frá viðtökuskóla um skólavist í útlöndum.

Í undantekningar tilvikum er mögulegt að veita undanþágu á skólasókn frá grunnskólum Fjarðabyggðar sé dvalið í útlöndum ef fyrir liggja sérstakar ástæður eins og tímabundin dvöl, ekki er um fasta búsetu erlendis að ræða og mögulega fleiri atriði. Um slíkt skal sótt til skólastjóra þess grunnskóla sem nemandi var í áður en hann flutti til útlanda.



### **9. Skólavistarvöktun**

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar er með vöktun á lögheimilisskráningu barna í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Fjarðabyggð séu með skólavist á vegum bæjarins, það er í grunnskólum bæjarins eða öðrum skólum sem bærinn hefur samþykkt í einstaka tilvikum.

Reglurnar taka gildi þann 1. febrúar 2020.

Fjarðabyggð 30. janúar 2020

Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í fræðslunefnd 15. janúar 2020  
Samþykkt í bæjarráði 20. janúar 2020  
Samþykkt í bæjarstjórn 30. janúar 2020

